

Eigi seinna en tveimur dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá sem fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið. 19 11. febr.

Oddviti eða eftirlitsmaður skemmtana getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, en ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Miðneshrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því, sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00. Mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. febrúar 1953.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa.

20

13. febr.

I. KAFLI

Útgerðarsvæði fiskibátanna.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Miðneshrepp, Keflavík og Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppa í Gullbringusýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík og Akranes, og nær til allra fiskibáta, sem stunda veiðar með línu á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí, sbr. þó 8. gr.

II. KAFLI

Róðrartími fiskibáta í Sandgerði.

2. gr.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur, er gengur til fiskveiða með línu frá Sandgerði, fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegis til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 02.00
Í febrúar	— 01.00

20
13. febr.

Frá 1. marz til 15. marz	kl. 24.00
Frá 16. marz til 31. marz	— 23.00
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 22.00
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 21.00
Í maí	— 20.00

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, er græn—rauðu ljósaskiptin á aukavitanum á Garðskaga. Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

III. KAFLI

Róðrartími fiskibáta úr Keflavík og Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppum í Gullbringusýslu, Hafnarfirði, Reykjavík og Akranesi

á mið sunnan línu, sem hugsast dregin milli Garðskagavita og 64°17'8 n.br. og 23°18'0 v.lgd.

3. gr.

Á tímabili því, sem um ræðir í 1. gr., má enginn bátur frá Keflavík, Njarðvíkum, Vatnsleysuströnd, Hafnarfirði, Reykjavík eða Akranesi fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 01.38
Í febrúar	— 00.38
Frá 1. marz til 15. marz	— 23.38
Frá 16. marz til 31. marz	— 22.38
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 21.38
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 20.38
Í maí	— 19.38

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við línu, er hugsast dregin N 15° A frá Gerðahólma, og merkt er með tveimur rauðum ljósum í landi. Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

IV. KAFLI

Róðrartími fiskibáta frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði

á mið norðan línu, sem hugsast dregin milli Garðskagavita og 64°17'8 n.br. og 23°18'0 v.lgd.

4. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí, að báðum dögum meðtöldum, má enginn bátur, sem gengur til veiða frá Akranesi, Reykjavík og Hafnarfirði fara í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, er hér segir:

Í janúar	kl. 00.42
Í febrúar	— 23.42
Frá 1. marz til 15. marz	— 22.42
Frá 16. marz til 31. marz	— 21.42
Frá 1. apríl til 15. apríl	— 20.42
Frá 16. apríl til 30. apríl	— 19.42
Í maí	— 18.42

Brottfararstaður báta þeirra, sem hér um ræðir, skal vera við ljósdufl nr. 9, sem 20
lagt hefur verið eins og hér segir:

13. febr.

64°14,5' n.br.
22°18,1' v.lgd.

Ljóseinkenni: Hvítur þríblossi á 25 sek. bili.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

5. gr.

Allar tímaáakvarðanir í reglugerð þessari miðast við íslenzkan meðaltíma.

6. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir eða bæjarstjórnir kjósa þrjá eða fimm bátaformenn ár hvert í nefnd til þess að gæta þess, að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, og annast nefndarmenn um að fyrirskipuð merki um róðrartíma séu gefin, sbr. þó 7. gr., og kæra fyrir brot á reglugerðinni til lögreglustjóra.

7. gr.

Akurnesingar skulu gefa brottfararmerki í Norðurflóa.

8. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til útilegubáta.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 5000.00. Þriðja brot varðar missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 12. janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta, Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 46 10. marz 1952 um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa, og önnur fyrirmæli, er fara kunna í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Atvinnumálaráðuneytið, 13. febrúar 1953.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.